# AUGLÝSING

**um skipulagsmál í Akureyrarbæ.**

*Breyting á deiliskipulagi Drottningarbrautarreits.*

Bæjarráð Akureyrarbæjar samþykkti 15. júlí 2021 deiliskipulagsbreytingu fyrir Drottningarbrautarreit.

Í deiliskipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir að á svæðinu verði byggðar 60-70 íbúðir í húsum sem liggja að Austurbrú, íbúðahóteli með 16-20 hótelíbúðum og verslun og þjónustu á neðstu hæðinni við Hafnarstræti (lóð nr. 80) auk þess sem gert er ráð fyrir viðbyggingu sunnan við Hafnarstræti 82 en ekki norðanmegin við húsið eins og í gildandi skipulagi. Þá er gata sem var á milli Hafnarstrætis 80 og Austurbrúar 10-12 felld niður og í staðinn verður þar gönguleið og garðar milli húsa. Einnig eru gerðar breytingar á bílastæðum við Hafnarstræti, staðsetningu einstefnu o.fl.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 26. ágúst 2021,*

**Pétur Ingi Haraldsson** sviðsstjóri skipulagssviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 27. ágúst 2021